

Fundargerð

Starfshópur um fátækt barna.

Fundur haldinn kl. 08:30, 03. maí 2022 í bæjarráðssal.

Mættir: Árni Rúnar Þorvaldsson, Kristjana Ósk Jónsdóttir, Björn Páll Fálki Valsson, Linda Hrönn Þórisdóttir. Árni Rúnar Þorvaldsson ritaði fundargerð.

Soffia Ólafsdóttir og Rannveig Einarsdóttir boðuðu forföll.

1. Margrét Júlía Rafnsdóttir, verkefnastjóri innlendra verkefna hjá Barnaheillum mætti til fundarins.
Margrét Júlía fór yfir skýrslu samtakanna um fátækt barna og vinnu Evrópuhóps hjá samtökunum. Árið 2013 var farið að líta til barna sem áttu það á hættu að búa við fátækt. Barnaheill tóku sæti í vinnuhópi Evrópuþjóða, Save the Children og á þessum tíma setja stjórnvöld á laggirnar Velgerðarvaktina. Hún lagði áherslu á að skoðað væri hvað ylli því að börn byggju við fátækt og að alltaf verði að hafa í huga að börn bera aldrei ábyrgð á aðstæðum sínum. Börn einstæðra foreldra og öryrkja eru í mestri áhættu á að búa við fátækt og skólar verða að vera meðvitaðir um grípa inn í þegar þess gerist þörf. Fátækt og erfiðar félagslegar aðstæður erfast á milli kynslóða og blönduð samfélög eru betri samfélög.
Vísbendingar eru um að eftir Covid hafi fátækt aukist á nýjan leik og að mismunun barna hafi aukist. Það hefur ekki gerst frá efnahagshruni. Í máli Margrétar Júlíu kom fram að hlutfall barna sem eiga á hættu við að búa við fátækt er 12,7%. Til samanburðar má nefna að meðaltal innan ESB er 23,7%.
Þeir hlutir sem Margrét lagði áherslu á að sveitarfélagið ætti að taka til sérstakrar skoðunar eru skólamálin, leik- og grunnskóli, skólamáltíðir, næring barna, kostnaður við menntun, tómstundir og heilsugæsla og húsnæðismál. Hún lagði sérstaka áherslu á að húsnæðisþátturinn væri mjög ráðandi þáttur um það hvort börn ættu á hættu að búa við fátækt. En hún lagði einnig sérstaka áherslu á að sveitarfélagið skoðaði hvort það gæti hugað betur að frístundamálum innan sveitarfélagsins með sérstakri áherslu á yngstu börnin. Í hennar máli kom fram að mismunun barna kæmi helst fram í gegnum þátttöku í íþrótt- og tómstundastarfi, þ.e. að þau börn sem búa við fátækt og erfiðar félagslegar aðstæður tækju síður þátt í skipulögðu frístundastarfi. Hún telur að sveitarfélögin eigi að skoða það að taka þessa starfsemi meira inn í skólana.
2. Fulltrúar í starfshópnum vorum sammála um það að reyna að klára skýrslu/samantekt á vinnu starfshópsins þannig að hægt verði að skila henni til fjölskylduráðs fyrir næsta fund ráðsins, fös. 6. maí nk.
Starfshópurinn var einnig sammála um að ljúka þessari vinnu án þess að boða til nýs fundar, þ.e. að vinnan verði kláruð í tölvupóstssamskiptum.

Fundi slitið kl. 10:30